



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

2404023 SÓÁ

Umsögn

Pingsályktunartillaga, mál 899, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi

Á 180. fundi skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps var skipulagsfulltrúa falið að senda inn umsögn í samráði við nefndina sem er eftirfarandi:

Í kafla 1.2. eru talin upp svæði þar sem uppbygging virkjunarkosta í vindorku er óheimil. Svæði innan marka miðhálandislínu er skilgreint sem svæði þar sem vindorka verður óheimil. Innan miðhálandislínu eru nokkrar vatnsaflsvirkjanir 10 MW og stærri. Jákvæð hagræn áhrif eru af því að uppbygging virkjunarkosta í vindorku verði í nálægð vatnsaflsvirkjana þar sem innviðir eru til staðar, háspennulínur o.fl.. Þannig undirbyggir það enn fremur stefnu stjórnvalda sem kemur fram í kafla 1.4 þar sem segir að stefnt verði að því að hlutfall raforkuvinnslu með vindorku af heildarraforkuvinnslu auk staðsetningar vinnslu og notkunar á hverjum tíma sé í sem mestu jafnvægi og stuðli að aukinni hagkvæmni orkukerfisins og flutningskerfis raforku í heild sinni. Einnig bendir sveitarfélagið á að það sé mikilvægt að nýta röskuð svæði vatnsaflsvirkjananna innan miðhálandislínu undir uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku í stað þess að uppbygging virkjunarkosta í vindorku byggist upp meðfram byggðalínu hringinn í kringum landið í nágrenni íbúa sem byggja þetta land, með tilheyrandi sjón-, hljóð og óafturkræfri plasmengun.

Í kafla 3.1 er fjallað um röskuð svæði og telur sveitarfélagið mikilvægt að neðstu málsgrein verði breytt í samræmi við ofangreint og á þann veg að síðasti hluti setningar verði tekinn út og mgr. hljóði eftirfarandi: „Til að tryggja raforkuöryggi, vegna uppbyggingar og þróunar á flutningskerfi raforku, vegna markmiða um orkuskipti, vegna loftslagsmála eða annarra mikilvægra samfélagslegra ástæðna, geti uppbygging vindorkumannvirkja á öröskuðum svæðum þó í einhverjum tilvikum komið til greina af öðrum ástæðum.“

Hvanneyri 26. apríl 2024

Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi